

REACH

Ný löggjöf um efni og efnavörur

Haustfundur 18. Október 2006
Sigríður Kristjánsdóttir
Stjórnsýslusvið

Yfirlit

- Kynning/bakgrunnur
- Almennt um REACH
- Áhrif á Íslandi
- Næstu skref



Um efni og efnavörur

- Efnaframleiðsla í heiminum er um 400 milljón tonn/ári og fer vaxandi
- Efni eru allsstaðar í umhverfinu
 - í fatnaði, leikföngum húsgögnum, snyrtivörum, þvottaefni, málningu, byggingarefni, matvælum, umbúðum og fleiru
- Hver eru áhrif þeirra?



Eiginleikar efna

- Efni geta haft hættulega eiginleika
 - Eitruð, ætandi, ertandi, hættuleg heislu
 - Valdið krabbameini, stökkbreytingum á erfðæfni, neikvæðum áhrifum á æxlun
 - Þrávirk, safnast upp og valda skaða
- Yfir 30.000 á markaði í magni yfir 1 tonni/ári en litlar sem engar upplýsingar til um mikinn meirihluta þeirra



Núverandi Efnalöggjöf

- Ný efni - efni sem hafa komið á markað síðan 1981
 - Um 4000 efni
 - Strangar kröfur um áhættumat gagnvart heilsu manna og umhverfi
 - Áhættumat framkvæmt af framleiðanda / innflytjanda
- Skráð efni - efni sem voru á markaði fyrir 1981
 - Um 100.000 efni
 - Enginn krafa um áhættumat
 - Yfirvöld hafa sett 141 efni í forgang og séð um að meta áhættu þeirra gagnvart heilsu manna og umhverfi
 - Einungis búið að ljúka þessu mati fyrir helming, eða 71 efni

Ný Löggjöf - REACH

- Tekur til nýrra og skráðra efna
 - R - Registration
 - E - Evaluation
 - A - Authorisation
 - CH - Chemicals
- Stofnun nýrrar Efnastofnunar Evrópu, ECHA í Helsinki, Finnlandi



Nýtt í REACH


- Ábyrgð á áhættumati efna flyst alfarið yfir á framleiðendur / innflytjendur efna
- Sömu kröfur til nýrra og skráðra efna
- Aðilar sem nota efni í atvinnuskyni þurfa að meta hvort þeirra notkun sé í samræmi við áhættumat sem gert er á efninu
- Skiptireglan - Hættulegum efnum skipt út fyrir hættuminni

Hvað felst í REACH

- Registration - Skráning á efnum
 - Öll efni, hrein eða í efnavörum sem eru framleidd eða flutt inn í meira magni en 1 tonn/ári skal skrá hjá ECHA
 - Greiða skal skráningargjald
 - Óheimilt að markaðsetja efni, hrein eða í efnavöru sem ekki hefur verið skráð


Skráningarskylda

- Skráning á efnum sem eru í umferð fer fram í þrepum á 11 árum eftir innleiðinga
- Skráning nýrra efna hefst ári eftir innleiðingu
- Forskráning efna í umferð fer fram á 6 mánuðum, 12-18 mánuðum eftir innleiðingu



Hvað felst í REACH

- Evaluation - Mat á efnum
 - Mat á skráningarskjölum
 - Á ábyrgð ECHA
 - Sannprófað að skilyrðum skráningar sé fullnægt
 - Mat á efni
 - Á Ábyrgð ECHA
 - Eru prófanir fullnægjandi
 - Þarf efnið að vera leyfisskylt eða bannað



Hvað felst í REACH

- Authorisation - Leyfisveiting efna
 - Efni með ákveðna hættulega eiginleika (CMR, PBT, vPvB) verða háð leyfum
 - Leyfi fyrir notkun fæst einungis ef
 - engin hættuminni efni geti komið í staðinn
 - að notkun sé stýrt með tilliti til áhættu
 - félagsleg og efnahagsleg áhrif af notkun vega upp á móti áhættunni.



Hvað felst í REACH

- CHemicals - EFNI
 - Gildir um öll efni hrein eða í efnavörum með nokkrum undantekningum:
 - Fjölliður og milliefni
 - sæfiefni, varnarefni og snyrtivörur
 - Efni tilgreind í viðaukum
 - Matvæli, fóður, lyf, lækningatæki, geislavirk efni
 - Úrgangur



Hvað felst í REACH

- Takmarkanir og bönn
 - Sömu takmarkanir og bönn sem gilda nú, munu gilda áfram
- Flokkun og merking
 - Fylgiskjal 1 við reglugerð um flokkun og merkingar (sbr. Viðauki 1 við tilskipun 67/548/EBE)
 - Flokkun á ábyrgð iðnaðarins
 - GHS mun væntanlega taka gildi um svipað leyti og REACH

REACH - Áhrif á Íslandi

Innflutningur	Innflutningsaðilar efna og efnavara á Íslandi	Innflutningsaðilar efna og efnavara frá löndum utan EES
1-10 tonn	210	51
10-100 tonn	142	34
100-1000 tonn	67	11
>1000 tonn	39	7
Samtals	458	103

- Mun snerta allt að 500 fyrirtæki á Íslandi
- Þarf að efla vitund fyrirtækja um REACH og hvaða áhrif nýja löggjöfin hefur

Áhrif á Íslandi

- Hvernig er best fyrir fyrirtæki að undirbúa sig?
 - Hvaða efni er ég að framleiða/nota/flytja inn
 - Hvaða gögn eru til um efnið mitt (öryggisblöð, niðurstöður prófana)
 - Hvert er mitt hlutverk skv. REACH
 - Hverjir eru tímafrestinir



Næstu skref

- REACH væntanlega samþykkt sem reglugerð frá framkvæmdastjórn ESB vor 2007
- Undirbúningur að innleiðingu er hafin hjá UST og Umhverfisiráðuneyti
- Uppsetning á Þjónustuborði fyrir fyrirtæki til að veita upplýsingar um skyldur þeirra skv. REACH, í undirbúningi hjá UST
- Útgáfa á fræðsluefni er hafin

UST

Umhverfisstofnun



Takk fyrir